Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf um að Bjarni Benediktsson sé settur sem prófessor. 1932-1936.

Bjarni Benediktsson – Prófessor – Háskóli Íslands – Hans Hátign Christian hinn Tíundi – Þorsteinn Briem – Gissur Bergsteinsson – Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið – Konungleg skipun – 1932-1936

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-2, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ.**

*Reykjavík,* 12. ágúst 1932.

Hérmeð eruð þér, herra kandidat, settur til þess fyrst um sinn að vera prófessor við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. september næstkomandi að telja.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið.

Þorsteinn Briem

Til

herra cand. juris Bjarna Benediktssonar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Vjer Christian hinn Tíundi,

af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi i Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vér hérmeð allramildilegast skipum cand. jur. Bjarna Benediktsson til þess að vera prófessor innan lögfræðideildar Háskóla Íslands.

Hann skal því vera Oss sem sínum rétta konungi trúr og hlýðinn, halda stjórnarskipunarlög ríkisins og gegna embættisskyldum sínum með trúmennsku og árvekni, allt samkvæmt eiði þeim, er honum að því

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ber að vinna.

Gjört á Marselisborg, 27. ágúst 1933.

Undir Vor konungleg hönd og innsigli.

Christian R.

Þorsteinn Briem

Veitingarbréf
handa cand. jur. Bjarna Benediktssyni til þess að vera prófessor í lögfræðideild Háskóla Íslands.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ.**

*Reykjavík,* 30. ágúst 1933.

Með allrahæstum úrskurði 27. þ.m., þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að skipa yður, herra lögfræðingur, prófessor í lögfræðideild Háskóla Íslands.

Þetta tilkynnist yður, að því viðbættu, að veitingarbréfið verður sent yður síðar.

F. h. r.

Sveinbjörnsson

Gissur Bergsteinsson

Til

herra lögfræðings Bjarna Benediktssonar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

*Reykjavík,* 14. sept. 1933.

Með tilvísun til bréfs héðan, dags. 30. f.m.,

./. sendir ráðuneytið yður, herra prófessor, hérmeð veitingarbréf handa yður til að vera prófessor í lögfræðideild Háskóla Íslands.

Stimpilgjaldið af veitingarbréfinu, kr. 20.oo, ber yður að greiða hingað hið fyrsta.

F. h. r.

Sveinbjörnsson

Gissur Bergsteinsson

Til

herra prófessors Bjarna Benediktssonar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

*Reykjavík,* 16. september 1935.

Með því að hæstaréttardómurunum Eggert Briem og Páli Einarssyni með allrahæstum úrskurði 13. ágúst þ. á. var veitt lausn frá embætti, þá er yður, herra prófessor, hérmeð samkvæmt 5. gr., 4. mgr. laga nr. 112 frá 18. maí 1935, um Hæstarétt, falið að taka sæti í Hæstarétti þar til nýir dómarar verða skipaðir.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

Hermann Jónasson

Gissur Bergsteinsson

Til

hr. prófessors Bjarna Benediktssonar,

Rvík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur